10. gr.

Þeim, sem hefir náð burtfararprófi, skal veitt skírteini um það. Skírteini eru tvennskonar: annað fyrir þá, sem hafa unnið 3 ár hjá rafmagnsmeistara og síðan stundað nám í báðum ársdeildum; hitt er fyrir þá, sem hafa tekið vélstjórapróf og aðeins setið í eldri deild. Í skírteininu skal telja þær kennslugreinar, sem nemandinn hefir verið reyndur í, og tilgreina einkunn hans, og jafnframt bæði hina lægstu einkunn, er krafizt er til að standast prófið, og þá hæstu, sem unnt er að ná. Skírteinið skal undirritað af forstjóra vélstjóraskólans og hinum skipuðu prófdómendum.

23
19. maí

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amalíuborg, 19. maí 1930.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**
(L. S.)

*Jónas Jónsson.*

## LÖG

24
19. maí

um

**háskólakennara.**

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Þegar dócentar við Háskóla Íslands hafa starfað í embætti um 6 ár, verða þeir prófessorar með sömu réttindum og skyldum sem aðrir prófessorar

24 19. maí

háskólans. Þó skal ekki greiða þeim hærri launaviðbót en svo, að samanlögð laun og aukatekjur embættisins verði jafnt prófessorslaunum.

2. gr.

Nú hefir dócent starfað í embætti sínu lengur en 6 ár, þegar lög þessi öðlast gildi, og skulu þá laun hans vera þau sömu sem þau mundu verið hafa, ef lög þessi hefðu gilt frá því er hann tók við embætti við háskólann.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amalíuborg, 19. maí 1930.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**
(L. S.)

*Jónas Jónsson.*

25 19. maí

# LÖG

um

**veiting ríkisborgararéttar.**

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Emanuel Reinfried Heinrich Cortes, prentari í Reykjavík, fæddur í Svíþjóð.
2. Oskar Tander Berg Ellefsen, vélamaður á Siglufirði, fæddur í Noregi.
3. Friedrich Ludvig Detlev Fahning, járnsmiður í Reykjavík, fæddur í Þýzkalandi.